

Ed.

873. Framhalds-nefndarálit

um frumvarp til laga um viðauka við sveitarstjórnarlög frá 10. nóv. 1905 (þingskj. 792).

Háttvirt neðri deild hefur aðeins gert þá breytingu á frumvarpinu að í stað $\frac{1}{10}$ hluta kjósenda þurfi $\frac{1}{3}$ að óska þess, til þess að skylt sje, að láta þessar kosningar fara fram með leynilegri atkvæðagreiðslu.

Þessi breyting þykir oss að visu ekki til bóta, en teljum þó að við svo búið megi una, einkum þar sem hreppsnefndir einnig eftir frumvarpinu hafa rjett til að láta kosningu fara fram leynilega, hvort sem kjósendur óska þess eða ekki.

Viljum vjer því ekki gera þetta að kappsmáli, en ráða háttv. deild til að samþykkja frumvarpið óbreytt.

Alþingi 8. sept. 1915.

Kristinn Danielsson,
formaður.

Guðmundur Ólafsson,
skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.